

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. desember 2021

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að götulýsing verði hækkuð í 50 lúx

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka tafarlaust birtustig götulýsingar í 50 lúx

Greinargerð

Í Reykjavík eru hátt í 30 þúsund götuliós eða lampar. Götulýsing í Reykjavík stjórnast af ljósmáli sem tekur mið af dagsbirtu, en miðað er við sama birtustig og tíðkast á Norðurlöndum (20 lúx).

Reykjavíkurborg er með 21.000 lampa af þeim tæplega 30.000 sem eru í Reykjavík. Aðrir stórir notendur eru Vegagerðin, sem sér um lýsingu á stofnbrautum og Faxaflóahafnir sem sér um lýsingu á hafnarsvæðum.

Götulýsingin í Reykjavík er borginni ekki til sóma. Allt frá því í september og til mánaðamóta mars/apríl ár hvert er lýsingin með þeim hætti að hún er stórhættuleg fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Gríðarleg slyshætta skapast af myrkrinu sem Reykjavíkurborg er haldið í. Þá eru ótalin hliðarverkanir sem skapast af lélegri lýsingu s.s. innbrot og ofbeldismál í miðbænum.

Því er haldið fram í svari frá Reykjavíkurborg þann 1 október 2020 að ljósmagn skipti ekki máli, þ.e hvort lýsingin sé 20 lúx eða 50 lúx, sjá fylgiskjal. Því er hafnað af augljósum ástæðum.

Á þessum grunni er tillaga þessi lögð fram. Þessi tillaga er fyrst og fremst öryggistillaga borgarbúum til heilla. Kostnaður við aukna götulýsingu er innan við 20 milljónir á ári. Markmið Reykjavíkurborgar hlýtur alltaf að vera að íbúarnir búi við öryggi.